

Ed.

488. Breytingartillögur

[33. mál]

við frv. til skipulagslaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ganga frá skipulagsuppdráttum“ í upphafi 3. málsg. komi: dæma um skipulagsuppdrætti.
2. Við 2. gr. Á eftir 1. másl. greinarinnar komi nýr másl. grein, svofelldur: Skipulagsstjóri skal vera sérmenntaður í skipulagsmálum.
3. Ný grein, 3. gr., komi á eftir 2. gr., og breytist töluröð síðari greina í samræmi við það. Nýja greinin orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að annast skipulagsmál sveitarfélagsins undir umsjón skipulagsstjórnar. Skipulagsnefnd sveitarfélags hefur það hlutverk að vera ráðgefandi um skipulagsmál sveitarfélagsins, annast undirbúning og gerð skipulagsuppdráttar og fylgjast með störfum byggingarnefndar.

Ákvarðanir sveitarstjórnar í skipulagsmálum skulu sendar skipulagsstjórn ríkisins til staðfestingar.
4. Við 5. gr. Síðari málsgrein falli niður.
5. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að standa straum af kostnaði, er leiðir af framkvæmd skipulagsmála samkvæmt lögum þessum, skal í reglugerð ákveðin innheimta sérstaks gjalds, skipulagsgjalds, sem nema má allt að 3% af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki.
6. Við 34. gr. Greinin orðist þannig:

Skipulagsgjöld skulu renna í sérstakan sjóð, sem skipulagsstjórn ríkisins, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðstafar til skipulagsstarfsins.
7. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Ef kostnaður vegna undirbúnings og gerðar skipulagsuppdráttar í sveitarfélagi (sveitarfélögum) fer fram úr upphæð skipulagsgjalda þar, skal það, sem umfram er, greitt að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Nú annast sveitarstjórn fyrir eigin reikning undirbúning og gerð skipulagsuppdráttar undir umsjón skipulagsstjórnar, og skal þá greiða kostnaðinn með skipulagsgjöldum sveitarfélagsins, á meðan þau hrökkva til, en að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði það, sem umfram skipulagsgjöldin kann að vera.

Ef ágreiningur verður um greiðslu kostnaðar samkvæmt þessari grein, sker ráðherra úr.